



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir heilbrigðisþjónustu (Reykjavík Medical) að Efstalandi 26, F2036739, rými 01 0207.

Nafn leyfishafa: Reykjavík Glam ehf.

Heimilisfang: Efstaland 26

Póstnúmer: 108

Kennitala: 640820-0120

Útgáfudagur leyfis: 17. júlí 2025

Gildir til: 17. júlí 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir heilbrigðisþjónustu og meðferðarstofnanir*.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili saki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 17. júlí 2025





Reykjavík Medical

kt. 640820-0120

Efstaland 26

vegna annarrar heilbrigðisþjónustu í starfstöð fyrirtækisins að Efstalandi 26.

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Dags. umsóknar. Sjá kafla 1. hér að neðan.	4. mars 2025.
Rekstraraðili, kt.	Reykjavík Glam ehf, kt. 640820-0120
Heiti fyrirtækis	Reykjavík Medical
Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.	Efstaland 26, F2036739, rými 01 0207.
Tegund starfsemi	Önnur heilbrigðisþjónusta, sbr. tölulið nr. 46 (Stofa þar sem gerðar eru aðgerðir, svo sem læknastofa og fóttaaðgerðastofa) í 46. tölulið viðauka við reglugerð nr. 903/2024.
Tilefni umsóknar	Ný starfsemi
Staðfesting á samþykki byggingarfulltrúa og samræmi við skipulag. Sjá kafla 2. að neðan.	Umsögn byggingarfulltrúa dags. 28. apríl 2024.
Dags. birtingar auglýsingar, efni tillögunnar, hvar hún var birt og frestur til athugasemda. Sjá kafla 4. hér að neðan.	12.06.2025. Í tillögunni er lagt til að um starfsemina gildi viðkomandi samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir heilbrigðisþjónustu og meðferðarstofnanir. Auglýsing var birt á vefsíðu HER
Athugasemdir sem bárust. Hafi athugasemdir borist er gerð grein fyrir þeim í kafla 5. hér að neðan.	Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma
Hafi verið gerðar breytingar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu er gerð grein fyrir því í kafla 6. hér að neðan.	Engar breytingar voru gerðar á auglýstri tillögu að starfsleyfi.
Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla. Sjá kafla 7. hér að neðan.	Umsóknin var lögð fyrir 1846 afgreiðslufund HER þann 17.07.2025. Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára.



1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þann 4. mars 2025. Umsögn var metin fullnægjandi þegar staðfesting um notkun húsnæðis barst frá byggingarfulltrúa þann 28. apríl 2025.

2. Samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal rekstraraðili sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggi fyrir og starfsemin standist skipulag.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis hún er og hvar megi nálgast tillöguna. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda að starfsleyfi innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi er auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/starfsleyfi-i-auglysingu-samkvaemt-reglugerd-nr-9032024>.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis

Í samræmi við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, nánar tiltekið viðauka 2.2 sem fjallar um embættisfærslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, var ofangreind starfsleyfisumsókn lögð fyrir afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

7. Kæruleið og kærufrestur



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Dags. 14. janúar 2026, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Harpa Lind Björnsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi